

Kennari	Bryndís Inda Stefánsdóttir	Sk.st.	BIS
----------------	----------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

NORS2NB05 er áfangi á 2. hæfniprepi og því ekki byrjendaáfangi. Þeir sem áfangann sitja þurfa því að hafa stundað norskunám í grunnskóla eða sambærilegt nám. Sú undirstöðukunnátta sem nemandi þarf að hafa til að geta stundað námið í norsku felst í að hann:

- skilji vel allt almennt tal á norsku
- geti lesið og skilið almenna norska texta
- geti tjáð sig munnlega á norsku um flest almenn efni
- geti tjáð sig skriflega um flest almenn efni á nokkurn veginn réttu máli

Í áfanganum er lögð áhersla á lestur fjölbreyttra texta til að auka lesskilning og orðaforða. Undirstöðuatriði norskrar málfræði eru rifjuð upp og þau æfð með gagnvirkum æfingum á netinu, rituðu og mæltu máli. Allir fjórir færniþættirnir, lestur, ritun, hlustun og tal, eru þjálfaðir markvist auk þess sem nemendum er leiðbeint í notkun orðabóka og annarra hjálpargagna í tungumálanáminu. Náms tímanum er skipt upp í 6 lotur þar sem hver lota er tvær vikur. Unnið er með ákveðið þema í hverri lotu þar sem allir færniþættirnir eru þjálfaðir og verkefni skilað áður en næsta lota hefst.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- almennum orðaforða sem tengist efni áfangans
- helstu málfræðiatríðum í norsku og nýtt sér það bæði í rituðu og mæltu máli.
- helstu einkennum norskrar tungu í framburði og rituðu máli
- notkun hjálpargagna s.s. orðabóka og leiðréttingarforrita á netinu
- samspili og þróun norðurlandamálanna

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa fjölbreytta texta sem tengjast efni áfangans
- skilja talað mál um kunnugleg og minni kunnugleg efni
- tjá sig um valin málefni og geti tekið þátt í samræðum
- rita texta byggða á efni áfangans og gera orðalag texta að sínu
- fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni, t.d. fréttir og norska sjónvarpsþætti og nýta sér á mismunandi hátt
- nýta grundvallaratriði norskrar málfræði í ritun og tali
- skrifa læsilega texta um ýmis málefni og nýta þann orðaforða sem áfanginn byggir á
- nota viðeigandi orðalag í samskiptum
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- geta tekist á við áfangann NORS2NC05 eða sambærilega áfanga

NORS2NB05 - fjarnám Námsáætlun vor 2020



Verkefnaskólinn á Akureyri

Námsgögn:

- Öll námsgögn birtast á vefsíðu áfangans. Nemendur þurfa ekki að kaupa nein gögn en gott getur verið að prenta út hluta af því sem birtist á vefnum, t.d. kafla í málfræði og lestexta.
- Orðabækur og málfræði á netinu.
- Vefsíður, m.a. dagblöð, sjónvarp og smásögur.
- Textar settir saman af kennara.

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttá:

Áfanganum er skipt upp í 6 lotur/þemu sem hvert um sig er tvær vikur, auk einnar viku til upprifjunar.

Tímabil (vikunúmer/lotun)	viðfangssefni	Vægi námsmatspáttá
Tema 1 / uke 4-5	God start, litt av hvert. Leseforståelse, grammatikk (substantiv) og skriveoppgave "Hvem er du?"	skilaverkefni lota 1 20%
Tema 2/ uke 6-7	Språk og språkhistorie, grammatikk (adjektiv, tall, spørreord), interaktive øvelser. og bli kjent med de andre.	skilaverkefni lota 2 20%
Tema 3 / uke 8 9	Tv, radio, aviser og podcast. Lytte, lese og skrive mediadagbok. Grammatikk (verb), interaktive øvelser.	skilaverkefni lota 3 20%
Uke 10	Se på tilbakemeldinger for tema 1-3. Er du ikke fornøyd kan du levere det du vil igjen.	
Tema 4 / uke 11-12	Byer i Norge og det å være turist i Norge. Planlegge reise og bli kjent med de største byene i Norge. Grammatikk (verb og preposisjoner), interaktive øvelser.	skilaverkefni lota 4 20%
Tema 5 / uke 13-14	Film, velg mellom to filmer og skriv filmrapport etter å sett på filmen. Grammatikk (konjunksjoner) interaktive øvelser.	skilaverkefni lota 5 20%
Páskeferie		
Tema 6 / uke 16-18	Sommer på Island. Du planlegger en reise med norske venner på Island. Grammatikk, repetisjon.	skilaverkefni lota 6 20%
Skila þarf verkefni í lok hvernar lotu en 5 bestu gilda til einkunnar (5x20% = 100% lokaeinkunn)		

NORS2NB05 - fjarnám Námsáætlun vor 2020



Verkefnaskólinn á Akureyri

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/vallð lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Í lok hvers lotu eru skilaverkefni sem koma inn á færniþættina lestur, ritun, hlustun, áhorf, og mælt mál. Einkunn fyrir hverja lotu birtist á Innu og einnig sundurliðuð inni á Moodle.			
6 lotur með verkefnaskilum	Skila þarf inn verkefnum í lok hvers lotu en 5 bestu gilda til einkunnar.	5x20%	
		Samtals:	100%
<p>Annað: Skili nemandi ekki öllum verkefnum þarf hann að taka próf inni á Moodle sem byggir á efnisþáttum áfangans. Prófið er ekki inni í próftöflu en er í vikunni eftir að yfirferð lýkur. Nemendur hafa 48 klst. til að hefja prófið, en þegar farið er inn á það þarf að ljúka því innan tveggja klukkustunda. Til að mega taka prófið þarf að skila þremur verkefnum hið minnsta, fyrsta verkefninu og tveimur til viðbótar. Verkefnin gilda 60% á móti prófinu sem er þá 40%.</p>			

Birt með fyrirvara um breytingar

Dagsetning: 14-01-20


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils